



Borgarráð

Seljaborg. Stækkun.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að fara í innkaupaferli vegna stækkunar og lóðaframkvæmda á leikskólanum Seljaborg, Tunguseli 2.

Kostnaðaráætlun er 260 m.kr. Þar af eru lóðaframkvæmdir 40 m.kr.

Greinargerð:

Framkvæmdin felur í sér byggingu á 204 m² skólastofum á núverandi lóð skólans ásamt lóðaframkvæmdum við leikskólann Seljaborg í Tunguseli 2. Starfsemi verður í leikskólanum á framkvæmdatíma.

Seljaborg er í dag 3 deildir með 46 börnum. Aukning verður um 20 börn. Verður þá Seljaborg 4 deilda leikskóli með 66 börnum.

Kostnaðarstaðir: 1106
Kostnaðaráætlun: 260 m.kr.

Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Kynning



Seljaborg – stakstæð hús

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ




Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felur í sér 204m² byggingu á skólastofum, tengibyggingu og lóðaframkvæmdum á lóð Seljaborgar í Tunguseli 2. Starfsemi verður í leikskólanum á framkvæmdatíma.
- Seljaborg er í dag 3 deildir með 46 börnum. Eftir stækkun verður Seljaborg 4 deilda leikskóli með 66 börnum. Leikskólinn verður rekinn sem ungbarnaleikskóli og gert er ráð fyrir að starfsfólk verði u.þ.b. 20 talsins.
- Með tilkomu skólastofanna sem staðsett verða er gert ráð fyrir að starfsmannaöstaða með kaffistofu, undirbúnings- og fundaraðstöðu færist í annað húsið. Í hinu húsinu er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir börnin, fatahólfum, snyrtingu, leikrýmum og listasmiðju. Í tengibyggingu verður matstofa sem einnig er fjölnota rými.
- Stofurnar verða byggðar utan lóðar og flutt á lóðina. Á meðan á byggingu þeirra stendur verður framkvæmd á lagnaskurði frá núverandi byggingu og að nýjum húsum.
- Frágangur lóðar er einnig hluti af verkinu. Endurnýja þarf þann hluta lóðarinnar þar sem nýjar stofur koma og ganga frá yfirborði.



Afstöðumynd




Seljaborg – nýjar byggingar


Afstöðumynd
1 : 500




Grunnmynd - sneiðingar



Grunnmynd
1 : 100



Skurðmynd A
1 : 100



Skurðmynd B
1 : 100




Skurðmynd C
1 : 100




Útlit



Útlit Vestur
1 : 100




Útlit Austur
1 : 100





Lagnaskurður – afnotasvæði





Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 260.000 m.kr., þar af lóðaframkvæmdir 40 m.kr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir sumarið 2025

Áætlaður framkvæmdatími er 10 mánuðir



Reykjavík